

Hvolsvöllur, 13. nóvember 2025
Tilvísun: 2510064 1432/2025

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík.

Umsögn Rangárþings eystra vegna matsáætlunar um neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja.

Rangárþingi eystra barst tilkynning frá Skipulagsstofnun þann 22. október 2025 vegna matsáætlunar vegna neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja. Framkvæmdasvæðið er að hluta til innan Aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032 og Aðalskipulags Vestmannaeyjabæjar 2015-2035, en er að öðru leyti utan skipulags.

Til stendur að leggja nýja lögn milli lands og eyja sumarið 2026 en í nóvember 2023 urðu skemmdir á 400 m kafla á núverandi vatnsleiðslu.

Eins og getið er í skýrslunni er framkvæmdarsvæðið að hluta til innan aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar þar ekki að gera breytingu á gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Að mati skipulags- og umhverfisnefndar og sveitarstjórnar Rangárþings eystra tekur matsáætlunin á helstu þáttum umhverfismats. Rangárþing eystra óskar eftir að framkvæmdin verði unnin í góðu samstarfi við landeigendur.

Virðingarfyllt, f.h. Rangárþing eystra



Þóra Björg Ragnarsdóttir
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 18. nóvember 2025
2510113HS SG

Efni: Nr. 14322025 - Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja -Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Þann 22. október sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðrar lagningar neðansjávar vatnsleiðslu frá Landeyjum, Rangárþingi eystra til Vestmannaeyja.

Um er að ræða lagningu neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja til að bæta afhendingaröryggi vatns. Til stendur að leggja neðansjávarvatnsleiðslu, NSL4 milli lands og eyja um 12,5 km leið til hliðar við núverandi leiðslu, NSL3. Pípan verður 8 tommur að þvermáli og þarf að grafa hana niður í fjöru að tengipunktum hennar annars vegar á Landeyjasandi og hins vegar í Skansfjöru. Mokað verður með sama efni og grafið var upp, aftur yfir pípunu og er því ekki gert ráð fyrir efnistöku og ekki þörf á fyllingarefnum. Framkvæmdartími er áætlaður um 3 mánuðir.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vatnsveitum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna mögulegra verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 18.11.2025
Málsnúmer: 2025-10-0514
JPJ

Efni: Matsskyldufyrirspurn vegna endurnýjunar vatnsleiðslu til Vestmannaeyja

Við er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. október 2025, þar sem óskað eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um hvort lagning nýrrar neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja skuli fara í umhverfismat.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir fyrirspurnina um matskyldu og metur það svo að ný vatnsleiðsla til Vestmannaeyja sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Neðansjávarvatnsleiðslan liggur til hliðar við núverandi leiðslu og allt rask vegna hennar er óverulegt.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna,



Jónas Páll Jónasson, sviðsstjóri botnsjávarsviðs



Skipulagsstofnun

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍKS

Garðabær, 19. nóvember 2025

Málsnúmer: 202510-0043

IAS

Efni: Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 22. október 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja.

„Vestmannaeyjabær áformar að leggja neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja til að bæta afhendingaröryggi vatns. Til stendur að leggja neðansjávarvatnsleiðslu, NSL4 milli lands og eyja um 12,5 km leið til hliðar við núverandi leiðslu, NSL3. Pípan verður 8 tommur að þvermáli og þarf að grafa hana niður í fjöru að tengipunktum hennar annars vegar á Landeyjasandi og hins vegar í Skansfjöru. Mokað verður með sama efni og grafið var upp, aftur yfir pípunna og er því ekki gert ráð fyrir efnistöku og ekki þörf á fyllingarefnum. Framkvæmdartími er áætlaður um 3 mánuðir.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskyldufyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Eins og fram kemur í matskyldufyrirspurninni er lagnaleiðin að hluta innan svæðisins *Vestmannaeyjar* sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta Náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela. Þá nær lagnaleiðin inn á tvö svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, það eru *Ystiklettur og Helgafell* og *Eldfell* og leiðin er að hluta innan tveggja mikilvægra fuglasvæða, *Vestmannaeyja* og *Suðurlandsundirlendis*.

Lagnaleiðin er á nútímahrauni þar sem hún kemur á land í Vestmannaeyjum en þar hefur hrauninu þegar verið raskað og verndargildið því lágt.

Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar og tekur undir þá niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir, vatnafar gróður og fugla og að ekki sé þörf á að hún fari í umhverfismat.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar um tilkynningu um neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja

Yðar tilvísun: mál nr. 1432/2025

Vegagerðin hefur mótttekið erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett í september 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um matsskyldu áform Vestmannaeyjabæjar um lagningu neðansjávarleiðslu til Vestmannaeyja í samræmi við 18. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta afhendingaröryggi vatns og verður lögnin tengd Landeyjarsandi og Skansfjörð.

Síða 1/2

Vegagerðin hefur rýnt tillöguna með hliðsjón af hlutverki samkvæmt lögum um vitamál nr. 132/1999 og lögum um vaktstöð siglinga nr. 41/2003 ásamt sínu verksviði, þ.e. að tryggja greiðar og öruggar samgöngur á sjó og landi, tryggja öryggi siglinga og að veita sjófarendum nauðsynlegar upplýsingar sem öryggi siglinga krefst. Að hálfu stofnunarinnar þarf því að liggja fyrir að framkvæmdin:

- Hafi ekki áhrif á öryggi siglingaleiða eða aðgengi að hafnarsvæðum.
- Greining á áhrifum framkvæmdar á leiðarmerki og siglingaöryggi.
- Valdi ekki varanlegum eða tímabundnum fyrirstöðum á sjó án viðeigandi merkinga.

Vegagerðin bendir á að samkvæmt lögum um vitamál nr. 132/1999 skal afla samþykkis Samgöngustofu fyrir legu slíkra lagna til að tryggja öryggi siglinga. Þá þarf einnig að tryggja samráð við Landhelgisgæslu Íslands vegna skráningar í sjókort. Ef framkvæmdin felur í sér búnað í sjó, tímabundinn eða varanlegan, á hann að vera greinilega merktur á yfirborði.

Að mati Vegagerðarinnar gera fyrirliggjandi gögn ekki fullnægjandi grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á öryggi siglinga og leiðarmerki. Í matsskýrslunni eru siglingaleiðir ekki sýndar og ekki er heldur fjallað um möguleg áhrif framkvæmda við vatnsleiðsluna á siglingar, þar á meðal á framkvæmdatíma. Æskilegt er að unnið verði áhættumat á áhrif á siglingar og að siglingaleiðir og leiðarmerki verði rýnd og sýnd á sjókort.

Vegagerðin leggur áherslu á mikilvægi þess að tilkynnt verði um tímabundin áhrif á siglingar þegar þær koma til framkvæmda, í samráði við Vegagerðina, þannig að sjófarendur geti gert viðeigandi ráðstafanir. Þá þarf sérstaklega að taka tillit til siglinga Vestmannaeyjaferjunnar Herjólf á framkvæmdatímanum og tryggja að rekstur ferjunnar verði ekki skertur. Ef ekki er unnt að auglýsa

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Gardabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

fyrirhugaðar takmarkanir með nægum fyrirvara skal senda siglingaviðvörðun í gegnum vaktstöð siglinga. Að loknum framkvæmdum ber að skila upplýsingum um staðsetningu búnaðar.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2025
UOS2510193/p.S

Umsögn um matskyldufyrirspurn - Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Vestmannaeyjarbær áformar að leggja 8" neðansjávarvatnsleiðslu um 12,5 km leið milli Landeyjarsands og Vestmannaeyja. Tilgangurinn er að bæta afhendingaröryggi vatns til Eyja. Leiðslan verður lögð til hliðar við núverandi leiðslu (NSL3).

Leiðslan kemur til landsins í heilu lagi og verður lögð niður með kaðalskipi. Landeyjarsandsmegin verður leiðslunni fleytt upp á sandinn og dreginn upp að tengipunkti vatnsveitunnar á sandinum. Hinn endi leiðslunnar verður lagður að tengipunkti við pípu, sem þegar er til staðar í Skansfjöru í Vestmannaeyjum. Leiðslan verður grafin niður í fjöru að báðum tengipunktum hennar, á Landeyjarsandi og Skansfjöru. Notast verður við sama efni og grafið var upp og er því ekki gert ráð fyrir efnistöku vegna framkvæmdarinnar. Utan við 30 m dýpi mun leiðslan hinsvegar liggja bein á hafsboptninum. Næst Vestmannaeyjum verður hún skorðuð með steiptum sökklum en Landeyjarsandsmegin er til skoðunar að nota stuðningsmottur sem leggjast yfir leiðsluna. Framkvæmdatími er áætlaður 3 mánuðir og er stefnt að því að koma henni fyrir sumarið 2026.

Leyfi Umhverfis- og orkustofnunar

Lagning sæstrengja og neðansjávarleiðsla er háð samþykki Umhverfis- og orkustofnunar skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjávarleiðslna. Framkvæmdir skulu samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Með umsókn um leyfi fyrir lagningu neðansjávarleiðslu þarf að fylgja áhrifamat á viðkomandi vatnshlot gert í samræmi við [leiðbeiningar stofnunarinnar](https://www.ust.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/)¹. Mikilvægt er að ástand vatnshlota

¹ <https://www.ust.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>

hraki ekki við framkvæmdina, enda eru umhverfismarkmið vatnshlota lagalega bindandi skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Áhrif framkvæmdarinnar á vatn og loftslag

Umfjöllun um áhrif á vatn er í kafla 5.2. Eins og kemur þar fram er framkvæmdasvæðið innan grunnvatnshlotanna Landeyjar 103-252-G og Eldfell 103-242-G auk strandsjávarvatnshlotsins Dyrhólaey að Þorlákshöfn 103-1342-C. Í kaflanum kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér hnignum vatnshlota og að líklega muni áhrif á vatn vera óveruleg.

Í kafla 5.6 er umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á loftslag. Helstu áhrifin felast í losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu og flutning leiðslunnar auk losunar vegna vinnu við framkvæmdir. Á rekstrartíma leiðslunnar felast áhrifin helst í þeirri orku sem fer í að dæla vatni um leiðsluna en ekki er búist við að vatnstaka aukist með nýrri leiðslu og er áætlað að orkunotkun aukist lítið sem ekkert miðað við núverandi ástand. Áhrif á loftslag eru því metin óveruleg.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur að umrædd framkvæmd, eins og henni er lýst í matskyldufyrirspurninni, ætti ekki að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til þeirra umhverfispáttá sem eru á starfssviði stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Þorbjörg Sigfúsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Gunnar Ólafsson

Teymi hafs og vatns

Vegna: Máls nr. 1432/2025, Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Umsögn Samgöngustofu er eftirfarandi:

Rétt er að benda á að samkvæmt lögum nr. 132/1999 um vitamál skal, til að tryggja öryggi siglinga, áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar afla samþykkis Samgöngustofu fyrir legu þeirra.

Úr 10 gr.:

„Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar afla samþykkis Samgöngustofu fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.“

Með kveðju / Best regards,

Ólöf Anna Rúðolfsdóttir - SGS

Sérfræðingur í stjórnunarkerfisdeild / Specialist Management Systems

Höfundur: Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Sent inn þann: 04.12.2025 , **Fyrir hönd:** Samgöngustofa

Vegna: Máls nr. 1432/2025, Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Minjastofnun hefur kynnt sér skýrsluna og gerir ekki athugasemdir.
Frá sjónahóli minjavörslu telur stofnunin ekki þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

Þór Ingólfsson Hjaltalín

Sviðsstjóri minjavarðasviðs / Director for Regional Heritage Management

Höfundur: Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Sent inn þann: 10.12.2025 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands



Vestmannaeyjabær

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Vestmannaeyjar, 19. desember 2025
202509098 dh

Umsögn Vestmannaeyjabæjar vegna fyrirspurnar um matsskyldu framkvæmda við almannavarnarlögn, NSL4

Fyrirspurn um matsskyldu vegna neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja gerir grein fyrir lagningu nýrrar almannavarnarlagnar NSL4, til hliðar við núverandi neysluvatnslögn NSL3 um 12,5 km leið milli lands og Eyja. Markmið framkvæmdarinnar er að tryggja afhendingaröryggi neysluvatns til Vestmannaeyja. Í Vestmannaeyjum kemur vatnslögn upp í Skansfjöru og mun þar vera tengd við núverandi inntak neysluvatns.

Fyrirspurn vegna matsskyldu framkvæmda við almannavarnarlögn NSL4 var lögð fyrir Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyjabæjar á 427 fundi ráðsins þann á 22. september 2025. Vestmannaeyjabær hefur einnig unnið að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna lagningar almannavarnarlagnar NSL4 og er tillagan í samræmi við fyrirbyggjandi fyrirspurnar um matsskyldu framkvæmdarinnar. Þann 25. nóvember 2025 samþykkti Bæjarstjórn Vestmannaeyja að kynna á vinnslustigi tillögu að breyttu Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035.

Vestmannaeyjabær gerir ekki athugasemdir við framkvæmd við lagningu almannavarnarlagnar NSL4 og þykir greinargerð gera góða grein fyrir framkvæmdinni. Lega lagnarinnar fer um raskað svæði í fjöruborði við Skansinn og í vinnu við gerð fyrirspurnar um matsskyldu hefur verið gert ráð fyrir framtíðarnýtingu svæðisins.

Vestmannaeyjabær áréttar að um lagningu almannavarnarlagnar sé að ræða. Vestmannaeyjabær ber aðeins skylda til að útvega eina neysluvatnslögn til Vestmannaeyja. Það er þó ljóst að ef um aðeins eina vatnslögn er að ræða og rof verður á afhendingu hennar getur skapast hættuástand í Vestmannaeyjum með litlum fyrirvara. Raunveruleiki þessarar áhættu var bersýnilegur þegar skemmdir urðu á núverandi vatnslögn haustið 2023.

Á framkvæmdatíma er mikilvægt að gott samráð verði haft við hafnaryfirvöld í Vestmannaeyjum og sjófarendur. Eflaust væri gott að funda í aðdraganda framkvæmdanna og gera skriflega lýsingu á fyrirkomulagi þess samráðs auk áhættumats. Sumarið 2025 voru lagðir til Vestmannaeyja tveir sæstrengir sem einnig komu upp í minni Vestmannaeyjahafnar og gekk framkvæmdin vel. Eflaust má leita í reynslu af þeirri framkvæmd.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar


Dagný Hauksdóttir
Skipulags- og umhverfisstuðulltrúi

Ráðhúsinu, Pósthólf 60, 902 Vestmannaeyjum
Sími 488-2000, Kennitala 690269-0159
Vefsíða www.vestmannaeyjar.is